

Fóðurráðgjöf

Berglind Ósk Óðinsdóttir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Niðurstöður efnagreininga

	Meltanleiki LE	Hráprótein	Laust prótein	NH3-N	NDF	iNDF	Sykur
	% af lífrænu.	g/kg þe	g/kg CP	gN/kgN	g/kg þe	g/kg NDF	g/kg þe
Norðurland	75,1	155	557	62,3	452	143	103
Norðurland	75,5	159		65,1	500	62	
Austurland	74,9	150	663	89,5	451	155	88
Austurland	74,8	138		NN	528	96	
Allt landið	75,1	157	558	62,7	458	141	96
Allt landið	75,5	159		54,6	504	72	



Niðurstöður efnagreininga

	AAT	PBV	NEL	Fem
	g/kg þe	g/kg þe	MJ/kg þe	/kg þe
Norðurland	89,2	20,3	6,1	
Norðurland	83,9	14,4		0,83
Austurland	84,5	22,3	6,05	
Austurland	81,9	-2,7		0,8
Allt landið	89,4	21,4	6,10	
Allt landið	83,5	14,2		0,83



Niðurstöður efnagreininga

	Ca	P	Mg	K	Na	S	Se
Viðmiðunargildi	4,0-6,5	3,0-4,5	2,0-3,5	15-20	2,0-3,0	2,0-4,0	0,090-0,250
Norðurland	4,2	2,6	2,5	16,7	1,3	2,3	0,139
Norðurland	4,0	2,9	2,6	17,4	1,5	2,4	0,178
Austurland	3,5	3,0	2,1	19,0	0,9	2,2	0,211
Austurland	3,4	2,7	2,4	15,8	1,4	2,1	0,162
Allt landið	4,2	2,8	2,4	18,0	1,5	2,4	0,163
Allt landið	3,7	2,9	2,5	17,9	1,8	2,3	0,177

- Kalsíum alveg á mörkunum eins og oft
- Fosfór heldur lágt
- Natríum lágt eins og hefðbundið er



Helstu einkenni fóðursins í ár

- Meðal meltanleiki (rétt rúmlega meðal kannski)
- Meðal prótein
- Ekki mikið laust prótein
- Ágætt NDF (stundum í hærri kantinum)
- Frekar hátt iNDF
- Gott AAT
- Gott PBV
- Frekar slök orka (fer aðeins eftir því hver er spurður)



Túlkun niðurstaðna

Ráðunautur túlkar niðurstöður efnagreininga

- Dregur fram aðalatriði í hverju sýni og setur fram „á mannamáli“
- Hverjir eru kostir og gallar hvers sýnis

	g/kg þe									
Merking	þe	Aska	HrPró	LeyPr	NDF	iNDF	Sykur	AAT	PBV	Orka*
Viðmið**		<120	140-180		450-520	80-140	40-120			>6,2
Gömlutún	678	70	164	426	481	149	116	96	19	6,02
Nýræktir	561	63	119	668	506	153	124	82	-5	6,17
Rýgresi	265	91	149	706	398	201	61	78	30	5,84
Heilsæði	234	138	154	764	448	194	26	65	54	5,22
Há	783	77	130	289	447	149	158	94	-10	5,85

LeyPr er gefið upp í g/kg HrPró og iNDF er í einingunni g/kg NDF

**Orka er hér sem nettó orka til mjólkurframleiðslu (NEL).*

***Viðmið þarf að taka með fyrirvara. Gildi sem falla ekki innan uppgefinna marka þurfa ekki að vera slæm.*



Túlkun niðurstaðna

- Steinefnin skoðum við líka aðeins
- CAB gildið segir til um jónajafnvægið
- Æskilegt gildi miðar við mjólkurkúr
- Geldarkúaahey á helst að vera neikvætt

	g/kg þe						
Merking	Na	K	Mg	Ca	P	S	CAB
Æskileg gildi	2,0-3,0	15-20	2,0-3,5	4,5-6,5	3,0-4,5	2,0-4,0	250-550
Gömlutún	3,0	16,4	2,8	4,3	2,8	2,6	173
Nýræktir	0,5	19,2	1,7	3,0	2,3	1,9	171
Rýgresi	5,4	27,9	1,8	4,2	2,8	2,9	291
Heilsæði	9,5	18,1	2,3	3,6	2,9	2,5	395
Há	1,7	13,2	3,4	5,4	2,1	2,5	32



Túlkun niðurstaðna


- Gerjunarafurðir segja til um hvernig verkunin á gróffóðrinu tókst til
- Mjólkursýran á að vera í meirihluta
- Smjörsýra hefur neikvæð áhrif á át
- Mjög mikið magn sýra hefur neikvæð áhrif á át

	Mjólkursýra	Ediksýra	Smjörsýra	Alls sýrur
Viðmiðunargildi	40-100	12-30	< 4	80-100
Norðurland	15,6	8,0	1,6	34,5
Austurland	29,9	11,4	2,8	53,6
Allt landið	17,3	8,0	1,7	32,1

- Skoðum einnig ammoníak í sambandi við gerjun
- Nítrat er líka mælt og hefur áhrif á át og heilsu
- Járn og aska gefa vísbendingar um jarðvegsmengun



	Lélegt	Sæmilegt	Meðal	Gott	Úrvals
OMD in vitro % þe	61,4	66,6	72,4	77,0	81
Prótein, g/kg þe	103	110	143	158	193
NDF, g/kg þe	625	565	528	490	440
iNDF, g/kg þe	200	170	120	98	80
AATp20, g/kg þe	69	72	78	82	87
PBVp20, g/kg þe	-4	-2	23	33	67
NOMp20, MJ/kg þe	4,92	5,30	5,93	6,32	6,93
Aska, g/&kg þe	65	71	77	85	100
Fylligildi, á kg þe	0,58	0,55	0,52	0,49	0,43
Tyggítími, mín/kg þe	93	90	80	72	57
FEm/kg þe	0,67	0,75	0,84	0,90	1,00



Hvaða áhrif hafa niðurstöðurnar í ár?

- Hátt iNDF lækkar meltanleika og lækkar orku
- Töluvert tréni (NDF) og því góður strúktur
- Vantar orku, sérstaklega fyrir hámjólkakýr
- Mismunandi prótein, sleppur oft til en stundum hefur það fallið líka
- Passlegt laust prótein og ammoníak, því er PBV á góðu róli.
- Gerjun heppnaðist vel og oft töluvert af sykri
- Steinefnin oftast á góðu róli en helst vantar kalsíum, natríum og fosfór



Gróffóður-gjöfin

- Því næst er að reyna að líkja eftir gróffóðurgjöfinni
- Upplýsingar frá bónda um hvað sé gefið hverju sinni
 - Komum með tillögu að breyttu plani ef þetta passar illa
- Upplýsingar frá bónda um hverskonar fóðrunartækni er á búinu
 - Stuttur fóðurgangur
 - Langur fóðurgangur
 - Fóðurblandari
- Hvað fá geldu kýrnar?
- Uppeldið?



Gróffóður-gjöfin

- Þá reiknum við saman gróffóðrið eins og gjöfin kemur til með að líta út miðað við heysýnaniðurstöður
- Það er gróffóðrið sem við notum í útreiknina
- Getum ekki leyft okkur að mismuna kúnum eftir gróffóðurgæðum, gróffóðrið verður að vera nokkurskonar fasti
- Allar kýrnar hafa jafnan aðgang að gróffóðrinu... eða þannig á það amk. að vera



Kjarnfóður

- Næst förum við aðeins yfir hvaða kjarnfóður hentar best með gróffóðrinu eins og það er gefið.
- Þá þurfum við að vita hvort það sé eitthvað viðbótarfóður í boði eins og bygg, mask osfv.
- Svo þurfum við að vita hvort það sé í boði að nota eina tegund eða tvær.
- Þurfum við að sækja tréni í kjarnfóðrið?
- Þurfum við að sækja laust prótein í kjarnfóðrið?
- Þurfum við orku



Kjarnfóður

- Ef efnainnihald í mjólkinni er á góðu róli reynum við að halda okkur við kjarnfóðurblönduna sem nú þegar er notuð.
 - Tilhvers að breyta ef þetta gengur vel?
- Skoðum samt fleiri möguleika
 - Er hugsanlega hægt að velja ódýrari kost?
 - Hvaða áhrif gæti það haft, jákvæð, neikvæð?



Áætlun

- Þegar við höfum séð hvaða kjarnfóður kemur best út setjum við upp áætlun
- Áætlun miðar alltaf að því að kýrnar fái gott aðgengi að gróffóðrinu
- Það er ekki hægt að láta kýr við stutta fóðurganga éta eins vel upp ef það eru mjög mis-góðar rúllur í boði, það verður einfaldlega að sætta sig við meira moð ef það á að hámarka framleiðsluna við þessar aðstæður
- Áætlun miðar alltaf að því að kjarnfóðurgjöfin sé í litlum skömmtum vel dreift yfir daginn



Áætlun

- Áætlun miðar við ákveðna nythópa
- Magn kjarnfóðurs miðar að því að viðhalda nyt á meðalgrip
- Sumar kýr eru duglegar og þurfa því ekki eins mikið kjarnfóður og taflan segir til um (þetta á sérstaklega við um þær sem fara hvað hæst, þær eru duglegar og ekki endilega hægt að skilgreina sem meðalkýr)
- Magnið miðar að því að ná ákveðnum markmiðum í efnainnihaldi
- Passa að úrefnið sé á réttu róli
- Uppfylla þarfir gripanna til viðhalds, vaxtar og fósturmyndunar



Áætlun

- Í upphafi ætti að fóðra alla gripi eftir ákveðnum markmiðum
- Upptröppun eftir burð er mikilvægt tímabil í mjólkurframleiðslunni
- Auka kjarnfóðurgjöfina um 300 gr á dag hefur sýnt sig að sé farsæl leið til að stuðla að heilbrigði og til að tryggja hámarks gróffóðurát
- Stundum getur verið gott að auka aðeins meira fyrstu dagana, jafnvel um 500 gr
- Kvígur eru viðkæmari fyrir of hraðri upptröppun
- Ef upptröppun er of hröð getum við takmarkað gróffóðurát inn í mjaltaskeiðið
- Ef upptröppun er of hæg getum við haldið aftur af framleiðslu og jafnvel aukið líkur á súrdoða



Áætlun

- Þegar líður á mjaltaskeiðið má gjarnan taka aðeins af kjarnfóðurgjöfinni miðað við það sem stendur í töflunni
- Sérstaklega á það við þegar nytin er komin í 20 kg og neðar ef gróffóðrið er sæmilega gott, þessar kýr eiga annars í hættu á að verða feitar
- Ef kýrnar verða feitar á seinni hluta mjaltaskeiðs er erfitt að vinda ofan af því og þær koma feitar inn í nýtt mjaltaskeið sem er mun erfiðara fyrir þær en að vera í réttum holdum
- Gott kúaley er mjög gjarnan of gott fyrir kýr í 10 kg nyt og lægra og þær eiga því í hættu á að verða feitar bara á því að hanga inni með mjólkurkúnum



Eftirfylgni

- Áætlanir eru sendar út með tölvupósti og bréfpósti
- Ráðunautur hefur samband og athugar hvernig gengur
- Ef bóndi hefur spurningar eða athugasemdir hefur hann/hún samband og við förum yfir það
- Eftirfylgni heimsóknir geta gert gæfumun, þá sér ráðunautur aðstæður með sínum augum, stundum er eitthvað sem hægt er að benda á og auðvelt er að bæta úr svo áætlun gangi betur
- Ráðunautur getur hjálpað til við holdastigun
- Ráðunautur getur komið með leiðbeiningar um geldkúafóðrun
- Ráðunautur getur komið með leiðbeiningar um kvígufóðrun (uppeldið)

